



Bragi Ásgeirsson

# Af trönum Kjarvals

Eitt framlag Kjarvalsstaða til Listahátíðar 1982 er nýstárleg kynning á lífsverki **Jóhannesar Sveinssonar Kjarval** í litmyndum, textum og frummyndum.

Svo sem þetta er skilgreint í sýningarskrá og rétt er að hafa orðrétt eftir, þá er sýningin, sem nú er í Kjarvalssal, „með öðru yfirbragði en fyrri sýningar, og hefur líka einnig annan tilgang. Það er að sjálfsgöðu, sem fyrr, reynt að gefa hugmynd um Kjarvalssafn borgarinnar, en farnar aðrar leiðir. Hér má ganga að ljósmyndum af öllum þessum 122 verkum, jafnt þeim sem veggina prýða og hinum. Í annan stað er gerð tilraun til að lýsa listferli Kjarvals með myndaröð, tilraun, sem í framtíðinni gæti orðið vísir að annars konar aðferð í fræðslu um Kjarval og list

hans. Þannig yrði ef til vill enn fremur en áður ástæða fyrir listeska pílgríma að leggja leið sína á Kjarvalsstaði ekki síður en Bakkagerðiskirkju, auk þess sem myndaröðina sjálfa — og þá væntanlega í enn fullkomnara formi — mætti líka senda á flakk út um land og út um lönd til að boða og kynna list meistaraans . . .“

Ofanskráð er lokakafli formála listráðunauts Kjarvalsstaða, **Þóru Kristjánsdóttur**, og það má strax koma fram að tilraunin er mjög lofsverð og boðar væntanlega ný viðhorf í skipulagningu Kjarvalssýninga á þessum stað í framtíðinni. Fram að þessu hafa sýningar á verkum Kjarvals í eigu borgarinnar verið mjög einhæfar þótt fátt hafi verið hægt að setja út á

sjálfar upphengingarnar. Nema þá að þær geta alltaf verið betri á öllum sýningum.

Það var því kominn tími til að leita að nýju formi til að gera sýningarnar forvitnilegri og laða fólk í enn ríkari mæli að þeim.

Þóra réði **Gylfa Gíslason**, myndlistarmann, til að sjá um útlit sýningarinnar en aðrir í sýningarnefnd voru hún sjálf og **Jóhannes S. Kjarval**, sonarsonur meistaraans.

Það var hárrétt stefna hjá Þóru að velja myndlistarmann til þessa verks því að þeir eru yfirleitt færastir um að skilgreina feril starfsbræðra sinna. Gera það með tilfinningalegri dýpt en ekki með kaldri, rökfræðilegri yfirvegan listsagnfræðinga, — sem þó er nauðsynlegt að séu með í leiknum.

Reynslan segir að slík samvinna skili jafnan skilmerkilegustum árangri og er fjöldi stórsýninga til vitnis um það.

Ég held, að það hafi verið allveg nýtt fyrir Gylfa Gíslason að sjá um slíka sýningu og að reynsluleysi hafi háð honum að nokkru. En hann lagði líf og sál í framkvæmdina og lagði nótt við dag til þess að skila hlutverki sínu sem hnökralausustu. Ég segi hér af ásettu ráði „hnökralausustu“ því að frumraun á slíku sviði getur aldrei orðið fullkomin og því hefur Gylfi gert sér grein fyrir frá upphafi.

Þetta form á uppsetningu sýningar er langt frá því að vera nýtt og hef ég séð sýningar svipaðar þessari víða á ferðum mínum og á köflum öllu skilmerkilegri. En það rýrir ekki hlut

Gylfa. Það, sem hér skortir á öðru fremur, er fullkomnari tækjabúnaður, t.d. við stækkun mynda og leturs. Þá er það hálf-gert slys að láta letrið vera inni í rómnum í stað þess að hafa það í stærra formi utan ramma. Menn geta einungis borið saman þær myndir þar sem ekkert letur er og þar sem letur er í meira eða minna mæli, — þá kemur í ljós hve fyrrnefndu myndirnar eru miklu heillegri og skila sér betur til áhorfandans. Líka hefði mátt númera myndirnar og hafa skýringartextana í sýningarskránni — slíkt hefði haft þann kost, að gestirnir hefðu haft vízkuna með sér í malnum heim og þar með hluta af sýningunni. Ég nefni hér vízku, vegna þess að yfirleitt eru sótt fong til háfleygra ummæla

## RÆTT VIÐ JÓN I. BJARNASON RITSTJÓRA

„Systir, ljáðu mér pott“

Hvað hétu bændurnir sem fundu þennan stað?

„Mig minnir að það hafi verið þeir Ingvar Árnason í Bjalla og Óskar Jónsson í Holtsmúla. Seinna mun annar þeirra hafa flutt í Lækjarbotna, sem er nágrannabær Bjalla og Holtsmúla. Það minnir mig á þjóðsöguna um Gissur bónda á þessum sömu Lækjarbotnum. Þjóðsagan segir að hann hafi verið að koma frá silungsveiðum í Veidivötnum og reitt aflann á trússhesti. Þá er sagt að þarna hafi búið tröllkonur tvær, systur og mikil flögð, önnur í Bjölfelli en hin í Búrfelli. Er Gissur kemur fram á Kjallakaturung gegnt Tröllkonuhlaupi heyrir hann að kallað var í Búrfelli með ógurlegri rödd:

„Systir, ljáðu mér pott“

Er þá gengt jafn ógurlega austur í Bjölfelli og sagt:

„Hvað vilt þú með hann“

Þá segir tröllkonan í Búrfelli:

„Sjóða í honum mann.“

Þá spyr hin í Bjölfelli:

„Hver er hann?“

Hin svarar:

„Gissur á Botnum. Gissur á Lækjarbotnum“

Í þessu verður Gissuri bónda litid upp í Búrfell og sér þá hvar tröllkonan riðst ofan eftir hlíðinni og stefnir beint ofan að Tröllkonuhlaupi, en þar eru klettadrangar tveir í Þjórsá og sagt að skessurnar hafi stiklað þar yfir til að bleyta sig ekki í fæturna. Gissur slapp því að Klofameinn sáu til-sýndar hvar hann reið allt hvað af tók undan óvættinum, og hringdu þeir öllum kirkjuklukkunum hvað af tók, en við það ærðist skessan og hljóp undan allt austur í Tröllkonugil, þar sem hún sprakk.

Það er, skal ég segja þér, ekki óalgengt að svona sögur rifjast upp á ferðalögum um hálandið. Þessir staðir leiða hugann ósjálf-rátt að tröllum og útilegumönnum — landslagið er víða hrikalegt og því líklegt að varla hentar það til búsetu mennskum mönnum. Það eru



Þessi mynd sýnir vel hversu bergið slútr fram yfir kofatóftirnar.

margar sögur sagðar í svona háfjallaferðum og mikið sungið. Ég man að einu sinni fór ég sem far-

arstjóri hjá Útivist með hóp ungs fólks upp í útilegumannabústaðinn við Snjóöldu. Þetta var afar

samstilltur hópur — þetta var ungt fólk og ástfangið, og ég man að það var óvenju mikið spilað og sungið á kvöldvökunni. Þarna var eitt kærustupar sem gerði sitt til að halda uppi gleðskapnum, og ástin geislaði frá þeim. Ég var beðinn að semja brag til að syngja. Átti bragurinn að vera um útilegumannabústaðinn fyrir ofan Snjóöldu og var mér bent á að undanskilja ekki ástina. Nú, ég varð við þessum tilmælum og eru vísurnar svona:

### Draumur útilegumannsins

Er lausíð grær um landsins auðn  
við leggjumst út við Snjóöldu.  
Þú hjúfrast blött við hjarta mitt  
í Hreysinu við Snjóöldu.

Er lausíð deyr um landsins auðn  
og lindin frýs við Snjóöldu.  
Þú hjúfrast blött við hjarta mitt  
í Hreysinu við Snjóöldu.

Er vetur fer með vedurhljóð  
og vedragný um Snjóöldu.  
Þú hjúfrast blött við hjarta mitt  
í Hreysinu við Snjóöldu.

Er hylur ljóran hælurós  
og herðir frost við Snjóöldu.  
Þú hjúfrast blött við hjarta mitt  
í Hreysinu við Snjóöldu.

Er voríð fer um vötnin blá  
með villibólum til Snjóöldu.  
Þú hjúfrast blött við hjarta mitt  
í Hreysinu við Snjóöldu.